



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAFRÚ SÆKIR SKÍRNARATHÖFN Í BOÐI SÆNSKU KONUNGSHJÓNANNA

Dorrit Moussaieff forsetafrú hélt áleiðis til Svíþjóðar í dag til að sækja skírni prinsessunnar Estelle, dóttur Viktoríu krónprinsessu og Daníels prins, í boði sænsku konungshjónanna. Athöfnin fer fram á morgun, þriðjudaginn 22. maí kl. 12 að staðartíma, í kapellu konungshallarinnar í Stokkhólmi. Í kjölfarið sækir forsetafrúin móttöku og situr hádegisverð í konungshöllinni.

Sænsku konungshjónin, Karl Gústav XVI og Silvía drottning, buðu íslensku forsetahjónunum til athafnarinnar ásamt þjóðhöfðingjum annarra Norðurlanda. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, gat ekki sótt viðburðinn vegna anna.

21. maí 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).